

Starfsskýrsla Háfeta fyrir 2004-2005

Í Æskulýðsnefnd Háfeta eru Anna Linda Gunnarsdóttir, Hrönn Guðmundsdóttir og Margrét Bára Magnúsdóttir. Nefndin hefur staðið fyrir mjög góðu æskulýðsstarfi á þessu tímabili.

- Æskulýðsnefndin byrjaði starfið á því að gera samning við MR búðina um kaup á reiðhjálum fyrir börn og unglunga sem voru niðurgreiddir með æskulýðsstyrk frá Sveitarfélaginu Ölfusi. Alls voru keyptir 30 hjálmar.
- Í janúar var farið af stað með reiðnámskeið í reiðhöllinni. Kennt var einu sinni í viku í 10 vikur. Kennt var í þremur hópum 5-7 ára saman, 8-10 ára saman og 11-15 ára. Um 20 börn voru á námskeiðinu. Eldri unglingar fóru á námskeið hjá Olil Amble.
- Síðustu helgina í janúar var haldinn ærsladagur. Settar voru brautir í reiðhöllina, vöfundarhús, keilur, boltarennar, hindrunarslá og ýmsar fleiri þrautir. Nefndin útvegaði pollrólega hesta svo allir gátu tekið þátt. Öll börn fengu viðurkenningu og endað var á pizzuveislu og fjöri í félagsheimilinu. 30-40 börn og unglingar tóku þátt í gleðinni.
- Í febrúar var grímureið. Dagurinn var mjög skemmtilegur og krakkarnir lögðu mikla vinnu í eigin búninga og skreytingu á hestunum. Skipt var í yngri og eldri hóp og valinn skemmtilegasti búningurinn úr hvorum hóp fyrir sig. Allir krakkar fengu viðurkenningu í formi páskaeggs í lokin.
- Keyptir voru ípróttagallar fyrir krakkana frá Jákó í Mosfellsbæ sem voru merktir Háfeta og nafni barnsins. Styrktaraðilar voru tveir, Plastmótun á Læk í Ölfusi og Hnotskurn í Þorlákshöfn.
- Æskulýðsnefnd og ferðanefnd Háfeta tóku sig saman og fóru í páskareiðtúr laugardaginn fyrir páska. Góð þáttaka hjá bæði börnum og foreldrum. Grillað var á áningarstað og heppnaðist þessi ferð mjög vel.

- Um 15-20 manns fóru á sýninguna æskuna og hestinn og skemmtu sér mjög vel.
- Sameiginlegur reiðtúr með krökkunum í Ljuf og Sleipni. Riðið var frá Sunnuhvoli að Eldhestum þar sem farið var í leiki og grillað. Hróðmar lánaði alla aðstöðu og kynnti fyrir krökkunum starfseminu. Þótti þetta takast mjög vel og stefnt er að því að hittast árlega og skiptast á að vera gestgjafar.
- Í júní var ferða og æskulýðsnefnd aftur saman, riðið var í Selvoginn og tjaldað hjá T bæ. Safnað var í brennu í fjörunni sem kveikt var í á laugardagskvöldinu eftir góðan reiðtúr og sungið við undirleik gítarleiks. Keppt var í fótbolta, pokahlaupi og reipitogi, krakkar á móti fullorðnum. Á sunnudeginum hjálpuðust allir við að taka til á svæðinu og bjuggust til heimferðar eftir vel heppnaða helgi.
- Í vetur var haldin nokkur töltmót í höllinni. Nokkrir krakkar tóku þátt í þeim og gekk þeim vel. Einnig voru þau með kaffisölu til fjáröflunar. Í hléum voru þau með skrautreið. Og á síðasta hallarmótinu komu allir krakkar sem voru á reiðnámskeiðinu og sýndu listir sínar.
- Einnig tóku þau þátt í þeim mótum sem haldin voru s.s firmakeppni, töltmótum og gæðingakeppni.
- Veittur er bikar "Stefaníubikarinn" því barni sem sýnir mestu ástundun og framfarir á árinu.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Háfeta,
 Hrönn Guðmundsdóttir, Anna Linda Gunnarsdóttir
 og Margrét Bára Magnúsdóttir.

